

Aðventufundur fulltrúaráðs STEFs 18. desember 2025

Fundargerð

Fimmtudaginn 18. desember 2025 kl. 16 var haldinn fulltrúaráðsfundur hjá STEFi, að Laufásvegi 40. Til hans var boðað í samræmi við samþykktir STEFs með fundarboði sem sent var út með tölvupósti þann 2. desember og síðan minnt á hann aftur með tölvupósti 15. desember.

Mætt voru: Bergrún Snæbjörnsdóttir, Bergur Þórisson, Bragi Valdimar Skúlason, Edda Borg Ólafsdóttir, Eðvarð Egilsson, Eyþór Gunnarsson, Hallur Ingólfsson, Hildigunnur Rúnarsdóttir, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Hrafnkell Pálmarsson, Logi Pedro Stefánsson, Magnús Jóhann Ragnarsson, Óttarr Proppé, Páll Ragnar Pálsson, Sigurður Flosason, Sóley Stefánsdóttir og Þuríður Jónsdóttir.

Að auki sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri STEFs.

Formaður fulltrúaráðs, Sigurður Flosason setti fundinn, gerði grein fyrir fundarboðinu og stýrði fundi. Gerði hann grein fyrir því að fundurinn væri ályktunarbær, en samkvæmt samþykktum STEFs, þarf 15 fulltrúa til að fullnægja skilyrði um ályktunarbærni.

Fundarritari var kjörinn Guðrún Björk Bjarnadóttir.

Gengið var til boðaðrar dagskrár.

1. Kynning á Tónlistarstefnu RÚV. *Matthías Már Magnússon*, dagskrárstjóri Rásar 2 kom sem gestur á fundinn.

Kynnti Matthías stefnu RÚV, bæði varðandi hljóðvarp og sjónvarp, s.s. varðandi spilun íslenskrar tónlistar, framleiðslu tónlistartengdra þátta o.fl. Fékk hann spurningar frá fundinum varðandi fréttastef RÚV, en nokkrum dögum fyrir fundinn hafði komið fram í fjölmiðlum að RÚV hefði keypt nýtt fréttastef sitt fyrir sjónvarp hjá hollensku fyrirtæki. Sagði Matthías að umrætt fréttastef væri eingöngu spilað einu sinni á dag og myndi hugsanlega verða skammlíft og að útvarpssvið myndi fljótlega fara í vinnu við nýtt fréttastef útvarps, sem yrði ekki keypt erlendis frá. Einnig var Matthías spurður út í það hvort tónlist væri útvarpað af streymisveitum og svaraði hann því til að svo væri ekki. Þyrfti öll tónlist að vera inni í gagnagrunni RÚV til að hljóta spilun. Það væri þó áhyggjuefni að ungt fólk væri ekki að sinna því nægilega vel að senda inn tónlist sína og því væri RÚV farið í einhverjum tilvikum að eltast við að fá til sín nýja tónlist. Þá var Matthías spurður út í tónlistarstöðina *Rondo*, sem spilað hefur sama lagalistann nú í nokkur ár í röð. Sagði Matthías að það væri í skoðun að nýta þá stöð betur fyrir sígilda- og samtímatónlist.

Nokkur umræða varð einnig um tónlist sem samin er af gervigreind, en hluti af innsendri nýrri tónlist til RÚV er greinilega samin og flutt af gervigreind. Gera drög að tónlistarstefnu RÚV ráð fyrir að þar verði sérstaklega fjallað um gervigreind.

Var Matthíasi þökkuð góð kynning og metnaðarfull tónlistarstefna RÚV ásamt greinargóðum svörum.

2. Framkvæmdarstjóri fór næst yfir helstu mál ársins og hvað helst væri framundan í starfi STEFs. Sérstaklega var síðan farið yfir úthlutanir ársins. Í máli sínu nefndi framkvæmdastjóri t.a.m. áskoranir er varða gervigreind, breytingar á bakvinnslu streymis og leyfisveitingum til alþjóðlegra tónlistarveita, sem munu eftirleiðis fara í gegnum ICE, með viðkomu hjá STIM, óskum forleggjara um meiri aðkomu að stjórnkerfi STEFs, nýjum samning við SÝN og samkomulag við Símann um eldri uppgjör, áskoranir Tónlistarmiðstöðvar og nýja verðskrá sk. samsettra viðburða. Þá var starfsfólki og stjórn þakkað gott samstarf á árinu sem er að líða.

Enn fremur var minnst á það, að á árinu hlutu Hjálmar H. Ragnarsson, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og Ragnhildur Gísladóttir heiðursmerki STEFs og voru þeim færðar árnaðaróskir. Á árinu hlaut Bríet Ísis Elfar *Langspilið – verðlaun STEFs*.

Þá voru birt eftirfarandi yfirlit um úthlutanir ársins og ýmsa tölfræði:

ÚTHLUTANIR:	2025	2024	BREYTING	2023
Aðalúthlutun (þ.m.t. 168 m miðsumars)	286,920,314	297,487,761	-3.6%	253,403,369
NMP: Streymi (4 úthl.)	97,669,053	93,444,348	4.5%	72,866,391
NCB: Útg. & tónlistarveitur (2 úthl.)	26,919,118	21,540,279	25.0%	26,667,480
Tónleikar (2 úthl.)	56,214,920	44,271,452	27.0%	34,054,169
Flutningur erlendis (4 úthl.)	138,648,764	158,116,317	-12.3%	217,642,955
Úthlutað til erlendra rétthafa	259,712,889	236,646,583	9.7%	191,068,492
Alls úthlutað á árinu:	866,087,083	851,508,764	1.7%	795,704,879

ÝMIS TÖLFRÆÐI:	2025	2024	BREYTING
Fjöldi verka með flutningspunkta á árinu	18,615	19,065	-2.36%
Fjöldi verka með flutningspunkta í aðalúthlutun	16,676	17,630	-5.41%
Fjöldi rétthafa með greiðslu	4,374	4,100	6.68%
Fjöldi verka á skrá	129,736	122,642	5.78%
Fjöldi rétthafa með aðildarsamning	6,760	6,441	4.95%
Fjöldi nýrra aðildasamninga	389	385	1.04%
Fjöldi höfunda á skrá	11,398	10,666	6.86%

STYRKIR ÚR SJÓÐUM Á ÁRINU:	2025	2024	BREYTING
Ferðasjóður	4,290,000	3,095,000	38.61%
Upptökusjóður	14,650,000	11,800,000	24.15%
Nótnasjóður	11,375,000	10,220,000	11.30%
Tónskáldasjóður Bylgjunnar & Stöðvar 2	5,700,000	5,700,000	0.00%
Stórverkasjóður	4,200,000	4,200,000	0.00%
Samtals	40,215,000	35,015,000	14.85%

* Tónskáldasjóður RÚV & STEFs er í vistun RÚV og ekki liggja fyrir upplýsingar um úthlutun úr honum á árinu.
* Tónskáldasjóður Þjóðkirkjunnar & STEFs er í vistun kirkjunnar og ekki liggja fyrir upplýsingar um úthlutun úr honum á árinu.

Fjárhæðarbil í úthlutunum voru sýnd:

FJÁRHÆÐ	FUTN. ERL.	MÍDSUMARS	ADAL-DES	TÓNLEIKAR	NCB/NMP	SAMT. ÚTHL. '25
Lægra en 1.000 kr.	1,479	1,916	1,938	287	2,394	1,706
1.001 - 3.000	240	626	688	218	433	580
3.000 - 5.000	105	277	354	120	164	363
5.001 - 10.000	138	384	447	141	247	479
10.001 - 30.000	177	486	509	230	298	674
30.001 - 80.000	116	322	332	168	208	473
80.001 - 100.000	15	59	50	20	29	100
100.001 - 150.000	26	101	74	43	61	133
150.001 - 200.000	19	51	36	11	30	106
200.001 - 300.000	14	52	43	15	45	110
300.001 - 500.000	14	64	47	23	40	104
500.001 - 750.000	14	25	21	14	26	70
750.001 - 1.000.000	12	18	7	3	5	35
1.000.000 & hærra	21	26	10	6	21	131

Hér má sjá að 131 meðlimur STEFs fékk úthlutað samtals meira en 1 millj. kr. á síðasta ári.

- Notkun gervigreindartónlistar í kvikmyndum og sjónvarpsefni – siðareglur. Bragi Valdimar Skúlason, formaður FTT hélt erindi og stjórnar umræðum.

Bragi Valdimar greindi frá því að FTT og TÍ hafi fyrir skömmu síðan sent bréf á *Sagafilm* vegna sjónvarpsþáttanna *Vesen*, en í þáttunum er notuð gervigreindartónlist að því sem best verður heyrt og séð. Þau svör bárust frá *Sagafilm* að þetta væri unnið af tónlistarmanni, sem notaði ýmis verkfæri, þ.m.t. gervigreind, en að þeim þætti þetta ekki til eftirbreytni.

Í máli Braga kom fram, að ljóst er að gervigreind er orðin hluti af sköpunarferli margra og að gervigreindartónlist er komin á alla staði tónlistariðnaðarins. Stærstu og

öflugustu fyrirtæki heims væru að taka þessu opnum örmum, sbr. t.d. samninga *Warner* og *Sony* við gervigreindarfyrirtækið *Suno*. Gervigreindartónlist er orðin partur af veruleikanum. Þetta eru ótrúleg töl, auðveld að nota og ódýr. Veiturnar hleypa þessu inn, sbr. t.d. nýjar hljómplötur sem birtast hjá hljómsveitunum *Hljómum* og *Mannakornum* á streymisveitum, en eru ekkert nema fjársvindl. Svikahrappar eru farnir að nýta sér þessa tækni í miklum mæli. Það er þó gleðilegt að sjá að það sé metnaður hjá hérlandum fyrirtækjum eins og *Atmo Select* að nota íslenska tónlist í starfsemi inni. Við höfum verið heppin að þessu leyti. Í mörgum löndum er stór hluti markaðarins þegar farinn.

Fjölmargir tóku til máls undir þessum lið og var m.a. minnst á að nauðsynlegt væri að höfða til siðferðis og metnaðar fyrirtækja og einstaklinga. Í því sambandi þyrfti tónlistarfólk líka að eiga siðferðislegt samtal við sig sjálft og hvernig við viljum umgangast gervigreindina, en hún er komin inn í nær öll vinnsluforrit. Tónlist sé einhvers virði þegar hún sé gerð af smekkvísi og af fólki sem kann til verka. Þá var rætt um hvort hægt væri að beita sér gagnvart dreifingaraðilum, ekki síður en tónlistarveitum. Spurt var hvort við værum síðasta kynslóðin sem getur selt tónlist og að í þessu umhverfi væri lítill hvati til að læra á hljóðfæri, læra upptökustjórn eða að ætla sér að starfa sem tónlistarmaður.

Áréttað var að það væri mikilvægt að tónlistargeirinn léti í sér heyra þegar við sjáum að verið er að nota gervigreindartónlist t.d. í íslenskum sjónvarpsþáttum. Þá sé mikilvægt að ríki og borg séu ekki að styðja við þessa þróun. Við þurfum að vera sterkari þrýstihópur á móti stórum tæknifyrirtækjum sem leiða umræðuna og vilja engar hindranir. Í því sambandi var nefnt að á Íslandi sé einstök staða að því leyti að hér þekkja allir einhvern tónlistarmann persónulega og ætti að vera auðveldara að ná eyrum almennings. Þá var bent á að fólk myndi sér skoðanir eftir því hvar hagsmunir þess liggja. Og þarna séu listamenn svolítið einir á báti. Allir aðrir hafa hagsmuni af því að fá auðveldar og ódýrar lausnir. Þá var nefnt að hægt væri að lyfta upp þeim sem nota tónlist á ábyrgan hátt eins og vottun gerir t.d. eða önnur gæðamerking.

4. Önnur mál.

Formaður fulltrúaráðs minnti viðstadda á að kosning í nýtt fulltrúaráð færi fram vorið 2026.

Ekki voru borin upp fleiri mál.

Formaður sleit fundi kl. 17:45.